

Nd.

758. Nefndarálit

[18. mál]

um frv. til laga um sömu laun kvenna og karla.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Mál þetta hefur legið hjá nefndinni frá því í þingbyrjun og ekki fengizt afgreitt. Á seinasta fundi nefndarinnar kvaðst meiri hlutinn ekki enn þá vera við því búinn að taka afstöðu til málsins, en þar sem komið er fast að þingslitum, sé ég mér ekki annað fært en að gefa út minnihlutaálit um það, þrátt fyrir þetta seinlæti meiri hlutans.

Á seinasta þingi var frumvarp þetta einnig flutt, og var það þá sent nokkrum aðilum til umsagnar. Jákvæð svör komu frá tveimur þeirra, en sá þriðji, Vinnuveitendasamband Íslands, mælti gegn samþykkt frumvarpsins. — Rétt í þessu er svo Alþingi að berast áskorun frá Mæðrafélaginu um að samþykkja þetta frumvarp. Er sú áskorun prentuð sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Þegar málin stóðu þannig, þurfti að finna upp einhver ráð til að tefja fyrir framgangi málsins. Fluttu þá nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins tillögu til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að athuga, hvað Ísland þyrfti að gera til að geta orðið aðili að „jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf“ og undirritað hana. Að ári liðnu — á miðju þessu þingi — var borin fram fyrirspurn um, hver hefði orðið niðurstaða þessarar rannsóknar hjá ríkisstjórninni. Svárið var það, sem allir vissu raunar fyrir fram: Að annaðhvort þyrfti algert launajafnrétti kvenna og karla að vera viðurkennt með heildarsamningum milli verkalyðssamtaka og vinnuveitenda eða að sömu laun kvenna og karla yrðu viðurkennd með lögum. Hér var það ekki orðið, og því kvaðst ríkisstjórnin ekki geta staðfest jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar fyrir Íslands hönd að óbreyttum lögum. Þetta svar tekur af öll tvímæli í þessu máli: Auðvitað getur Ísland ekki gerzt aðili að alþjóðasamþykkt um launajafnrétti kvenna og karla, nema húið sé áður að tryggja framkvæmd málsins. Sýndist einsætt, að fengnum þessum upplýsingum, að samþykkja ætti frumvarp það til laga, sem fyrir þinginu lá um sömu laun kvenna og karla, með eða án breytinga. Þetta var því sjálfsgöðara eftir samþykkt laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna á seinasta þingi, en með þeim var það spor stigið í áttina til launajafnréttis kvenna og karla, að opinberir starfsmenn eiga að njóta sömu launa hjá ríki og bæjarfélögum án tillits til, hvort starfi er gegnt af karli eða konu. — Misréttið verður því sífellt meira og meira áberandi, eftir því sem lengra liður, og mætti nú öllum ljóst vera, að ósamræmið í launamálum kvenna og karla verður ekki afmáð, nema með því einu að taka það af með lögum.

Minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar leggur því til, að frumvarpið um sömu laun kvenna og karla verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 1955.

Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 4. maí 1955.

Stjórn Mæðrafélagsins vill leyfa sér að koma á framfæri eftirfarandi tillögu við hæstvirta heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar:

„Fundur Mæðrafélagsins 25. jan. 1955 skorar á Alþingi að samþykkja frumvarp Hannibals Valdimarssonar um sömu laun kvenna og karla fyrir sams konar vinnu.“

Nú hefur nefnd sú, er félagsmálaráðherra skipaði á síðastliðnu hausti, komið að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að fullgilda samþykkt nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf að óbreyttum lögum. Okkur virðist því, að fyrsta sporið í þá átt væri, að það þing, sem nú situr, samþykkti frumvarp Hannibals Valdimarssonar, þar sem með því væri kominn grundvöllur að taka málið upp til frekari framkvæmda og úrbóta.

Landsfundir og fulltrúafundir K.R.F.Í. og ýmissa annarra samtaka, auk kvennaráðstefnu Alþýðusambands Íslands á síðastliðnum vetri, hafa lýst yfir því í samþykktum sínum, að fyrsta grundvallarskilyrði þess, að koma mætti á jafnrétti í launamálum, væri, að Alþingi setti lög um það. Nú hafa 10 ríki fullgilt samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna: Júgóslavía, Austurríki, Belgía, Kúba, Dominíkanska lýðveldið, Filippseyjar, Frakkland, Mexíkó, Pólland og Ungverjaland. Eins og sjá má af þessu, eykst þessari skoðun stöðugt fylgi, og væri æskilegt, að Ísland gæti sem fyrst bætzt í þann hóp, sem fullgilti jafnlaunasamþykktina.

Ef nú ekki reynist tími til að afgreiða þetta mál á þessu þingi, væri þá ekki tímabært að láta þingsályktun frá 13. apríl 1954: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæta vinnu geti orðið staðfest á Íslandi“ — koma til framkvæmda með því móti, að Alþingi kysi á yfirstandandi þingi nefnd, sem sérstaklega fjallaði um þetta verkefni? Nefndin væri skipuð konum til jafns við karla.